

Alþingi

Erindi nr. þ 116 / 1160

komudagur 31 / 3 1993

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 22. mars 1993

Umsögn Lögmannafélags Íslands um frumvarp til skaðabótalaga.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur falið laganefnd félagsins að fara yfir frumvarp til skaðabótalaga og semja umsögn um það. Nefndin hélt tvo fundi í þessu skyni og boðaði Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., á fyrri fundinn til að ræða um frumvarpið. Fer umsögn laganefndar hér á eftir:

Gerðar hafa verið breytingar á tveimur þýðingarmiklum efnisatriðum frumvarpsins frá því það var lagt fram á 115. löggjafarþingi 1991-1992. Þannig gerir frumvarpið nú ráð fyrir greiðslu örorkubóta, þó að örorkustig sé undir 15% og einnig er gert ráð fyrir að bótafjárhæðir verði breytilegar eftir aldri á aldursbilinu 26-56 ára.

Enn eru hins vegar á frumvarpinu ýmsir gallar, sem auðvelt ætti að vera að lagfæra. Vísast að öllu verulegu til ítarlegrar umsagnar L.M.F.Í. í bréfi til allsherjarnefndar Alþingis 24. apríl 1992. Hér skulu eftirtalin atriði nefnd sérstaklega:

1. Í 4. gr. frv. er ekki gert ráð fyrir að greiða bætur fyrir varanlegan miska, þegar hann er metinn minni en 5%. Er þá gert ráð fyrir að hér verði lögð til grundvallar svokölluð læknisfræðileg örorkumöt (töflumöt), sbr. athugasemdir við 4. gr. Kemur þar fram, að sem dæmi um varanlegan miska, sem ekki sé talinn ná 5% lágmarkinu, megi nefna minni háttar lýti, svo sem lítið andlitsör, sem ekki sé áberandi. Ekki verður séð að nein rök séu til að fella alveg niður bætur í svona tilvikum. Er það áreiðanlega ekki í samræmi við réttarvitund manna.


2. Í 6. gr. frv. er nú gert ráð fyrir að bætur skuli meta til fjárhæðar, sem nemi 7,5-földum árslaunum tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi. Þetta er hækkun úr 6-földum árslaunum í fyrra frumvarpi og tengist hækkunin þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á lækunarreglum 9. gr. frv. eftir aldri. Með þessu ákvæði er verið að búa til reiknireglu fyrir útreikning örorkutjónsins, sem koma skal í stað núgildandi reglna. Í núgildandi reglum er leitast við að reikna út raunverulegt tjón (verðmæti á slysdegi) miðað við örorkustig og það sem eftir er starfsævi. Í sjálfu sér er allt í lagi að búa til reiknireglu um þetta að hætti frumvarpsins. En slík regla verður að hafa það meginmarkmið að bæta raunverulegt fjártjón á grundvelli þeirra gagna, sem frumvarpið ráðgerir (mats um örorkustig skv. 5. gr. frv.). Svo er að sjá sem reikniregla frv. um að nota 7,5-föld árslaun feli í sér verulega lækkun bóta frá því sem vera myndi með núgildandi aðferðum, þ.e.a.s. aðferðum sem miða að því að reikna út raunverulegt tjón, þó að tekið sé full tillit til þess, að nú á ekki að draga frá greiðslur frá þriðja manni (sjá um þetta kafla 4.2 í almennum athugasemdum við frumvarpið). Væri ástæða til að láta reikna nokkur dæmi um hvernig reikniregla frumvarpsins kemur út samanborið við þá útreikninga á raunverulegu fjártjóni, sem tíðkast hafa. Virðist blasa við að um verulega lækkun sé að ræða.

3. Í 7. gr. frv. er áætlað að miða útreikning tjóns við tekjur næstliðins árs fyrir þann dag er tjón varð. Þessi aðferð kemur í stað þess, sem nú tíðkast, að miða við meðaltekjuöflun þriggja síðustu ára. Ætla verður að hinar hefðbundnu aðferðir feli í sér betri mælikvarða um tekjuöflunarhæfi, þar sem miðað er við lengra tímabil, auk þess sem gagnaöflun kann í einstökum tilvikum að verða erfiðari, þegar hætt er að nota skattframtalstekjur, en farið að nota tekjur næstliðins árs.

4. Gera verður alvarlegar athugasemdir við ákvæði 8. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að örorkubætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skuli ákveða á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. og bætur ákveðast sem hundraðshluti af bótum fyrir varanlegan miska. Ekki verður séð hvaða rök mæli með því að miða örorkubætur til þessara tjónþola við reglur um miska. Hér sýnist mega meta örorkustig á sama hátt og hjá öðrum tjónþolum og miða svo bætur við meðallaun, á svipaðan hátt og gert hefur verið. Festa má í lög in viðmiðanir fyrir heimilisstörf.

Þá er í 8. gr. frv. gert ráð fyrir sömu bótum til barna, sem verða fyrir tjónum, án tillits til aldurs þeirra. Barn, sem slasast t.d. 3ja ára og missir útlím, á að fá sömu bætur og 20 ára skólanemi, sem hlýtur sams konar meiðsli. Ef þetta er gert leiðir það til þess að 3ja ára barnið fær í reynd miklu hærri bætur, því það getur ávaxtað sína bótafúlgu í 17 ár, áður en það er komið á sama aldur og 20 ára skólaneminn. Ekki verður séð hvaða nauðsyn knýr á að haga reglum um þetta með þessum hætti.

Fyrir hönd laganefndar L.M.F.Í.


Magnús Thoroddsen, hrl., formaður